Alþingi
Erindi nr. Þ 120/1481
komudagur 16/4 1996

VF
VERKALÝÐSFÉLAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS
700 Egilsstöðum Pósthólf 109

Nefndadeild Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Egilstöðum 15.04.'96

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938 um séttarfélög og vinnudeilur , með síðari breytingum.

Virðingarfyllst

F.h. Verkalýðsfélags Fljótsdalshéraðs

Eyþór Guðmundsson formaður.

Samrit sent ASI og alþingismönnum.

Stjórn Verkalýðsfélags Fljótsdalshéraðs tók bréf Félagsmálanefndar alþingis dags. 27.3.´96 til afgreiðslu á fundi sínum þann 15.4.´96.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt.

Frumvarpið um stéttarfélög og vinnudeilur takmarkar stórlega það svigrúm sem aðilum vinnumarkaðarins er nauðsynlegt að hafa við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði.
Viðræður voru í gangi milli aðila um þessi mál þegar félagsmálaráðherra greip inn í þær með framlagningu frumvarpsins og telur stjórn V.F. eðlilegt að þeirri vinnu verði haldið áfram og ný löggjöf undirbúin af aðilum vinnumarkaðarins í samvinnu við stjórnvöld.
Að öðrum kosti hljóta samtök launþega að áskilja sér rétt til að beita öllum sínum samtakamætti til þess að knýja fram þær breytingar á umræddu lagafrumvarpi, sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja áfram óskertan rétt hins almenna launamanns, eins og hann er ákveðinn í núgildandi lögum.

Egilsstöðum 15.04. 1996.